

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 988

Dagsetning: 20. júní 2023 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Óskar Reykdalsson, Elínborg Bárðardóttir, Ingunn Sigurgeirsdóttir, Jónas Guðmundsson, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir og Brjánn Jónasson, sem ritaði fundargerð.

I. Efni til kynningar

1. Fundir á næstunni

Farið var yfir fundi framkvæmdastjórnar í vikunni.

2. Breytingar í framkvæmdastjórn

Jónas Guðmundsson upplýsti aðra í framkvæmdastjórn um að hann hyggist láta af störfum sem framkvæmdastjóri fjármála og reksturs í haust.

3. Stofnanasamningar

Fjallað um stöðuna í gerð stofnanasamninga.

II. Efni til umræðu

4. Erindi frá heimahjúkrun í Reykjavík

HH barst erindi frá heimahjúkrun í Reykjavík varðandi aðgengi að þjónustu iðjubjálfa hjá HH. Stofnunin er með iðjubjálfa að störfum hjá Heimahjúkrun HH. Rætt um möguleika á að auka við þessa þjónustu eða hvort málið eigi frekar heima hjá Sjúkratryggingum Íslands.

5. Erindi til heilbrigðisráðuneytisins

Rætt um tvö erindi sem HH þarf að senda til heilbrigðisráðuneytisins sem framkvæmdastjórn er með í vinnslu. Annars vegar fjárveitingar til heilbrigðisþjónustu í fangelsum en hins vegar um notkun lyfjaskammtara. Erindin verða kláruð og send sem fyrst.

III. Efni til afgreiðslu

6. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 13. júní 2023 rædd.

Niðurstaða: Fundargerðin samþykkt án athugasemda.

7. Launamál svæðisstjóra

Rætt um tillögur að breytingum á launakjörum svæðisstjóra.

Niðurstaða: Tillögurnar samþykktar. Mannauðssviði falið að kynna þær.

8. Fræðslusjóður Heilsubrú

Rætt um umsóknir um greiðslu kostnaðar við fræðslu starfsfólks Heilsubrúar.

Niðurstaða: Samþykkt að greiða útlagðan kostnað við fræðslu samkvæmt beiðni.

Önnur mál

9. Héraðsvaktin

Rætt um hvernig hægt er að fá lækna á héraðsvaktinni til að styðja faglega við starfsfólk Upplýsingamiðstöðvar HH.

10. Útboð á bílum

Upplýst um stöðuna á útboði á endurnýjun bíla HH í haust.

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:00.